

## 5. fundur stjórnar Þjóðveldisbæjarins haldinn á Teams.

Föstudagurinn 1. desember 2023, kl. 9:00.

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Harpa Þórsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

Á fundinn var einnig mættur Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Farið yfir fundargerð frá síðasta fundi til upprifjunar.

BHA fór yfir skipulagsmál varðandi svæðið í kringum þjóðveldisbæinn. Skv. aðalskipulagi er gert ráð fyrir 2 ha verslunar- og þjónustulóð við þjóðveldisbæinn. Inni á því er skipulögð 1 ha lóð um þjóðveldisbæinn sem er skráð í fasteignaskrá. Virðist sem lóðin hafi verið stofnuð þó hún sé ekki hnitsett

Umræður fóru fram.

VJ tók fram að skv. fyrri upplýsingum þá hefði sviðsmyndin sem var rædd við forsætisráðuneytið verið sú að ekki væri til lóð utan um þjóðveldisbæinn og því þyrfti að stofna hana. Þetta væru því breyttar forsendur.

BHA falið að taka saman yfirlit og gögn (m.a. stofngögn o.fl.) yfir skipulagsmál svæðisins svo fá megi heildarmynd af stöðunni.

GF ætlar að gera samantekt yfir auglýsingar og samningsgerð við rekstraraðila.

Stjórn sammála um að mikilvægt sé að hafa slíka heildarmynd af stöðu skipulagsmála á svæðinu sem og auglýsingar og samningsgerð við rekstraraðila áður en næstu skref eru tekin. GF og BHA munu senda framangreind gögn í tölvupósti á stjórnina.

HÞJ upplýsti um að sveitarfélagið er nú þegar í viðræðum við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Umhverfisstofnun um heildarskipulag og stjórn þjóðlendna innan sveitarfélagsins. Hluti af því svæði er svæðið í kringum þjóðveldisbæinn. Fáir sveitarfélagið stjórn svæðisins verður aðkoman að þjóðveldisbænum á forræði sveitarfélagsins. Gangi slíkt samkomulag eftir mun það hafa áhrif á uppbyggingu nauðsynlegra innviða við þjóðveldisbæinn, og þá með þeim hætti að sveitarfélagið kæmi þar sterkar inn. Þetta á við varðandi rafmagn, rotþró, framtíðarveguppbyggingu o.fl. Sveitarfélagið horfir á Þjórsárdal í heild sinni varðandi þetta og þjóðveldisbærinn er hluti af því ferli. HÞJ upplýsti einnig að viðræður eru milli framangreindra aðila og Landsvirkjunar um einstaka þætti eins og t.d. rafmagn.

HÞJ mun halda stjórn upplýstri um þróun mála varðandi þetta.

Rætt um hagsmuni rekstraraðila af því að gilandi samningur haldi og að ekki þurfi að auglýsa rekstur á svæðinu aftur. Jafnframt rætt um hagsmuni rekstraraðila af því að setja niður varanlegt hús á svæðinu, þó leyfi sé fyrst veitt til bráðabirgða. Stjórn sammála um að mikilvægt sé að vinna að farsælli úrlausn málsins. VJ nefndi að mögulega myndi samningsstaðan breytast ef þjónustulóð væri á forræði sveitarfélagsins, þ.e. að þá þyrfti samnings sambandið mögulega að

breytast milli aðila en ítrekaði jafnframt að enginn vilji væri til annars en að virða gerðan samning með hagsmuni allra aðila að leiðarljósi.

Rætt um að ekki væri forsvaranlegt að rukka inn á bílastæði við þjóðveldisbæinn og rukka einnig aðgangseyri að bænum. Slíkt væri forsendubrestur fyrir rekstri í þjóðveldisbænum. Allir sammála um þetta og HÞJ upplýsti að það yrði ekki rukkað inn á bílastæði við þjóðveldisbæinn þó sveitarfélagið fengi til þess heimild.

HÞJ upplýsti að hann væri í reglulegum samskiptum við rekstraraðila og myndi halda honum upplýstum um gang mála hjá sveitarfélaginu.

GF mun hafa samband við rekstraraðila til að fara yfir stöðuna með honum.

Þegar gögn liggja fyrir frá GP og BHA munu VJ og HÞJ eiga samtalið við forsætisráðuneytið um stöðuna.

Rætt um fyrirbyggjandi drög/teikningu að deiliskipulagi. Umræður fóru fram um breytingar á vegstæði en ekki gerðar athugasemdir við það. Stjórn sammála um að halda áfram vinnunni á þeim grunni sem lagt er upp með í teikningu þegar lóða- og skipulagsmál skýrast.

Næsti fundur ákveðinn 14. desember nk.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9:55.